



6. árgangur

2. tölublað

október 1969



Blað þetta CQ TF de IRA er gefið út af Islenskum Radioamatörum.

Ritstjóri og ábyrðarmaður: Jón Þ. Jónsson TF-3-JA.
Heimilisfang félagðsins: Vesturata 68 Rvk. Box I058.

HÚSNÆÐISMÁL I. R. A.

Í stjórnarfréttum til félagsmanna að þessu sinni, er aðeins eitt mál er greint verður frá þ. e. Húsnæðismálin, og er það ekki að ósekju, þar sem þetta er, og hefur verið mál málanna fyrir I.R.A. mörg undanfarin ár, og en ekki úr vegi um leið að rekja að nokkru sögu húsnæðismála félagsins samhliða fréttunum.

Fram til ársins 1964 mun ekki hafa verið um neinn samastað fyrir félagið að ræða, eftir því sem mér er bezt kunnugt, hvorki til stjórnarfunda eða annarra funda félagsmanna hefur þetta áreiðanlega reynst mjög bagalegt, og lítt til framdráttar fyrir félagið, enda má sjá í fundargerðarbókum að árið 1958 voru kjörnir tveir menn til þess að athuga um möguleika á útvegum húsnæðis fyrir félagsstarfseminu, þó ekki næðist árangur í því efni þá.

Árið 1964 var aftur reynt að afla húsnæðis fyrir félagið, og nú leitað á náðir Reykjavíkurborgar, var málaleitan þessari vel tekið, og fengum við afnot af tveimur herbergjum að Fríkirkjuvegi 11, þar sem Æskulýðsráð hefur starfsemi sína, þetta voru mikil viðbrigði fyrir félagið, nýtt líf færðist í alla starfsemi, Morse námskeið voru haldin sem leiddu til þess að nýjir amatörar bættust í hópinn, auk þess að þarna skapaðist aðstaða til frekari fundarhalda, en til þeirra nota fengum við afnot af stærri herbergjum, vegna velvilja husráðanda, enda hefur samstarf okkar og þeirra verið mjög gott.

Þessi afnot af húsnæðinu á Fríkirkjuvegi 11 undanfarin ár hefur ljóslega sýnt okkur að ef að I.R.A. á að geta blómgast, og aukist, verður félagið að hafa afnot af slíku húsnæði fyrir starfseminu, okkur er líka ljóst að ekki er hægt að ætlast til að við fáum að vera mikið lengur í þessum húsakynnum, auk þess að starfsemi Æskulýðsráðs á í sumum tilfellum ekki vel samleið með okkar starfsemi og þessvegna er full þörf á að félagið eignist sitt eigið húsnæði.

Núverandi stjórn félagsins hefur haft þetta mál á stefnuskrá sinni, og unnið að því að leysa það þetta hefur nú tekist okkur hefur boðist húsnæði að Vesturgötu 68 sem sýnist, hentugt fyrir okkur, á boðuðum Rabbfundi er haldinn var að Café Höll þ. 11.8. '69 skýrði TF3JJ fundarmönnum frá þessu húsnæði, og voru allir sammála um að áfram skildi haldið og húsnæði þetta tekið á leigu.

Stjórnin hefur síðan unnið að þessu, og eru nú nauðsynlegar breytingar á herbergjunum langt komnar en öll vinna og reyndar mikið af efni til breytinganna hafa félagsmenn lagt til sjálfir, þó færri hafi mætt til vinnu en æskilegt geti talist, en stjórnin hefur reynt að hafa samband við félagsmenn og leitað eftir aðstoð eftir því sem hægt hefur verið.

Eftir breytinguna kemur þetta til með að vera tvö herbergi annað er ca. 2,7 x 3 metrar en hitt er töluvert stærra eða ca. 3 x 6 metrar í minna herberginu væri hægt að koma fyrir klúbbstöð auk annarra tækja vegna Morse kennslu, blaða og bókasafn félagsins væri vel staðsett þar, og heppilegt væri að halda stjórnarfundi þar, stærra herbergið er ágætt fyrir Morse kennslu, fræðslufundi og rabbfundi, en að sjálfsögðu segir reynslan bezt til um tilhögun í þessum efnum, þarna höfum við sér rafmagn, sér hitaveitu og sér wc, auk þess eru þarna bæði innri og fremri forstofa þó báðar séu litlar, einnig höfum við aðgang að litlu eldhúsi, ef á. þarf að halda og þá er rétt að geta þess að vegna fyrirhugaðrar klúbbstöðvar að ekkert er til fyrirstöðu með að koma þarna upp góðum loftnetum.

Þetta er að vísu ekki ítarleg lýsing á félagsheimilinu tilvonandi, en þó betri en engin fyrir þá sem ekki hafa séð, og er vonandi að við getum tekið það í notkun fljótlega.

Með tilkomu þessa nýja félagsheimilis tekur félagið að sjálfsögðu á sig meiri útgjöld og verður því að afla meira fjár ef starfsemin á að geta haldið áfram á sömu braut, félagsgjöld hjá okkur hafa ekki hækkað síðan 1965, en þau eru nú kr. 150,00 á ári, og eru líklega ekki nema sem svarar 1/3 hluti af félagsgjöldum í sambærilegum félögum, kemur því sterklega til greina að endurskoða það, frekari fjáröflunarleiða verður einnig að leita ef vel á að fara, og ef takast á að halda uppi styrkri starfsemi innan félagsins.

Vetrarstarfið fer nú senn að hefjast og þó ekki hafi verið teknar neinar fastar ákvarðanir um það enn, þá er vonandi að við getum byrjað með Morse námskeið í byrjun október ef næg þátttaka fæst, mun sú kennsla væntanlega geta farið fram í nýja félagsheimilinu, en tilkynning um þetta námskeið mun verða birt í dagblöðunum.

73. TF3HS Formaður

Síðan þessi grein var rituð, hefur vinnu við félagsheimilið miðað það vel áfram að Þ. 8 okt sl. var haldin stjórnarfundur í hinu nýja húsnæði, og félagsheimilið þar með formlega tekið í notkun fyrir félagsmenn.

Forsíða þessa blaðs, er með öllu myndarlegra sniði heldur en verið hefur, en hún er útbúin og að öllu leiti gerð af Guðjóni Einarssyni, sem félögum er að góðu kunnur, og hann færði félaginu þetta sem gjöf af tilefni oppnunar félagsheimilisins.

Á efri myndinni sézt húsnæðið, séð frá Vesturgötu, og afmarkar svartí ramminn gluggana tvo sem tilheyra okkur, á neðri myndinni má sjá stjórnarmeðlimi á fyrsta stjórnarfundinum frá vinstri, 3bv, 3jj, 3ma, 3hs, hurðin til hægri á myndinni er inn í minna herbergið, þar sem áformað er að staðsetja klúbbstöðina, eins og sjá má er ekki enn búið að koma fyrir myndum og annarri skreytingu á veggi, en það kemur seinna.

Fyrst um sinn verður félagsheimilið opið á fimmtudögum frá kl. 8 1/2 (2030 GMT), og vona ég að félagar líti inn og hafi ánægjulega stund með okkur, og að síðustu, til hamingju með nýja félagsheimilið.

P&S Málefni.

Eins og fram kom í síðasta (júní-)hefti CQ TF var undirrituðum falið að sjá um þann þátt félagsstarfsins, er lýtur að sambandinu við Póst- og símamálastjórnina.

Gaman hefði verið að geta sagt einhverjar fréttir af framgangi mála þeirra, sem amatörum eru hugleiknust um þessar mundir og heyra undir P&S, en því er, því miður, ekki að heilsa. Um framgang er ekki að ræða og kemur þar margt til, s.s. sumarleyfi, utanferðir strsm. P&S, heimsóknir erlendra aðila, eðli mála og annir, eins og gengur og gerist.

Rétt er þó örfáum orðum að drepa á stærstu málin, félögum til nokkurrar uppfræðingar:

Tillögur IRA til breytinga á reglunum um amatörradió á Íslandi fengu þeir aðilar, sem falið var að sjá um breytingar á reglum þessum, í hendur um miðjan marz s.l. Án þess að full yrða nokkuð, þori ég að láta þá trú í ljósi, að hinar nýju reglur hljóti að sjá dagsins ljós á næstu tveim mánuðum, enda meðgöngutími orðinn alllangur nú þegar.

Í nokkrum tengslum við ofangreint mál er það, sem snýr að amatörum í röðum varnaliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Ætlunin er að í stað núverandi reglna um starfsemi þessara manna, verði farið eins á þá braut að gera við Bandaríkin gagnkvæman samning um veitingar leyfa (reciprocal agreement). Væri þar með ekki. einasta fundin lausn á hinu leiðinlega "Kallmerkja-máli", heldur einnig rutt brott fyrsta, og þyngsta, steininum á brautinni til gagnkvæmra leyfisveitinga við önnur lönd, Þjóðir heims eru nú sem óðast að fara inn á þá braut að stuðla að auknum kynningum milli þegna sinna og annarra þjóða og eru gagnkvæmar leyfisveitingar einn þátturinn í þeirri viðleitni. Noregur er eina landið sem við höfum nokkuð slíkt samband við, en það er óformlegt. Íslenzkir námsmenn í röðum amatöra munu mjög fagna þessari tilhögun, ef á kemst, en mál þetta verður væntanlega afgreitt um leið og reglurnar.

Þá hefur og verið rætt við P&S um að félagið skrái hlustara og gefi þeim númer, svipað og annarsstaðar tíðkast. Var ætlunin að hlustarar fengju TF-merki, með tilheyrandi einkennisstöfum eða númeri fyrir aftan. Vegna alþjóðareglna (ITU-reglnanna) hefur P&S það nú til athugunar, hvort heimilt sé að nota einkenni landsins á þennan hátt. Svar er væntanlegt fljótlega.

Almennt má segja að samskiptin við P&S hafi verið hin beztu; sýnast þau enda hafa farið batnandi ár frá ári, og engin goðgá að ímynda sér að svo muni halda, sem nú horfir. Eitt atriði má þó nefna, sem hróflaði talsvert við hugarró ýmissa félaga. Þar á ég við neitun pósthjónustunnar við að líta á QSL-kort sem prentað mál. Slík neitun mun vera alíslenskt fyrirbrigði, og þótt rétt muni vera skv. bókstafnum, þykir mönnum

illt við að búa. Sé kurteisi, og virðing fyrir viðteknum venjum engin nauðsyn, þá er sending QSL-korta heldur engin nauðsyn, en heldur var það leiðinlegt að þurfa að leggja hina íslensku QSL-skrifstofu niður sökum fjárhagsörðugleika, og verður að leita á náðir Englendinga um þessa þjónustu. Þetta varð að gera og hlýtur að verða mesta feimnismál íslenskra radíóamatöra í loftinu um ókomin ár.

TF3JJ

- - o o O o o - -

OPERATION HOTSPRING.

Í býti, hinn 21. júní síðastliðinn, lögðu nokkrir áhugasamir amatörar af stað í sólskini og góðu veðri áleiðis út á Reykjanes. Þetta voru þeir TF3BT, -MA, -AU, -BH ásamt Jr.op. og þrír sem ekki hafa nælt sér í kallmerki ennþá. Reidar Óskarsson, Ásgeir Sigurðsson og Gunnar Guðlaugsson. Meðferðis voru 2 transceiverar, riðstraumsrafal, efni í loftnet og fleira, sem sagt allt það sem þurfti. í DX-pedition.

Áfangastaður var Reykjanestá, heljar mikill klettur, sem gnæfir á annað hundrað metra lóðrétt upp úr sjó. Þaðan er frítt útsýni í nær allar áttir, enda mun vera erfitt að finna betra DX QTH.

Við vorum komnir á staðinn um kl. 8 og kom þá í ljós að við vorum ekki þeir fyrstu, því TF3ST var þar og hafði sofið í tjaldi þar rétt hjá um nóttina og þar með orðið á undan okkur á staðinn.

Næstu klukkutímar fóru í það að bera allt hafurtaskið upp á brún, og koma því fyrir, reisa tjald og loftnet og þessháttar.

Meðlimir IRA úr hjálparsveitunum í Reykjavík höfðu útvegað stórt tjald og rúmlega 20 metra hátt loftnetsmastur ásamt tilheyrandi búnaði. TF3SG og TF3BB höfðu fengið lánaðan 1100 watta benzínrafal, sem sá okkur fyrir allri þeirri raforku sem á þurfti að halda.

Um hádegi var svo allt tilbúið og kveikt var á fyrstu stöðinni þ.e.a.s. HW32-A (TF3BB) tengdum við dipól loftnet. Skömmu síðar var kveikt á stöð nr. 2, SB101 (TF3AU) tengdum við 20 metra láréttu stöngina sem fyrr var nefnd. Hún reyndist alveg skínandi vel ásamt gerfijörð á 80 metrum (ground plane) og sömuleiðis reyndist hún vel á 15 metrum notuð með loftnets "tjúner", mun betri en 25 metra dipóll, sem einnig var settur upp. Á 10 metrum gekk einnig ágætlega að "lóða" í hana, en ekki náðist samt samband þar.

Er á daginn leið bætust fleiri í hópinn. TF3SG kom ásamt jr. op. með Hallicrafterinn sinn. Einnig hafði hann

loftbelgi til að setja upp loftnet. Helst kom til greina 5/8 vertical eða þ.u.l. Einnig komu TF3HS og XYL með eicotransciverinn. Þar með voru 4 stöðvar komnar upp á klettinn. Sveinn fór fljótlega að setja belgina á loft, en eitthvað gekk honum illa að "lóða" út.

Haddi smíðaði hinsvegar DRR loftnet, gerð sem lítið hefur verið reynd hérlandis. Ekki gat það góðan árangur, svo hann og fleiri "húkkuðu" saman 3ja elementa beam loftneti, sem ekki reyndist heldur sem skyldi. Hvarf hann þá að því gamla góða ráði að setja upp langan vír, sem hann notaði með góðum árangri á 40 metrum.

Þá komu eiginkonur þeirra Ásgeirs og Birgis Thomsen og þar að auki Kristinn Daníelsson ásamt bandarískum vini sínum WA2CZQ, sem ekki lét sitt eftir liggja við mikrófóninn. Þegar leið á kvöldið fór að kula dálítið og þeir sem höfðu XYL með sér hurfu hver af öðrum, en hinir skiptust á að vaka við tækin og urðu að nota aðrar aðferðir til að halda á sér hita.

Um morguninn uppgötvaðist að loftbelgirnir hans Sveins höfðu losnað úr landfestum og voru á bak og burt ásamt víradræsum. sem í þeim hingu. Varð þá einum að orði að Sveinn hafi verið heppinn að tækin hans voru ekki tengd við loftnetið, þegar það fór.

Síðdegis á sunnudag tókum við græjurnar saman og fengum Hadda þetta skiptið til að keyra þær á jeppanum niður á jafnsléttu.

Varla höfðum við tekið dótið niður þegar blá Skodabifreið birtist. Það voru þeir TF3JJ, -3JA og fleiri sem urðu þarna full síðbúnir.

Við höfðun vonast til að fá fleiri í hópinn, sem ekki komu. Til dæmis hafði spurst að TF2WHI ætlaði að líta við og hafa með sér 2ja metra stöð.

Árangurinn varð samt ágætur, 208 sambönd á 4 böndum við 44 lönd, sumt af því ágætis DX.

Það sem mér fannst mest um vert var að allir virtust hafa mjög gaman af þessu. Eitt er alveg víst að ég hlakka mikið til næsta "Field" dags, sem, vonandi verður mjög bráðlega. GUD DX

TF3AU

Refaveiðar.

Refaveiðar þær, sem haldnar voru 13 júlí sl., hljóta að vera í sérflokkki á sínu sviði, og það þótt leitað væri langt út fyrir landsteinana.

Ef við t.d. lítum á tildrög að veiðunum, þá voru þau á þann veg, að 3MA og 3JA ákváðu eina nóttina að nú væri tími til kominn að hafa refaveiðar, og það strax næsta sunnudag. létu þeir þessi boð út ganga til allra sem til náðist, og það með, að fyrsta útsending yrði kl. 14.30, byrjunarstaður yrði Geitháls og radíus leitarsvæðisins yrði 5 km.

Þetta eru næsta sérstæð tildrög refaveiða, en ef við lítum á veiðarnar sjálfar, kemur í ljós, að þær voru einnig í sérflokkki, bæði með tilliti til tækjabúnaðar þáttakenda og af ýmsum öðrum ástæðum.

Upp úr hádeginu á sunnudag tróð 3JA upp hér á QTH-inu. Ég ákvað að fara með, þótt ég væri ekki með neitt tæki og skyldi ég fylgja '3JA, sem var með heljarmikinn kassa meðferðis. Þegar ég leit ofan í kassann, fyrir brottför sá ég að hann var að mestu tómur og varð ég nokkuð vantrúaður á árangur af væntanlegri leit okkar. Þá varð ég ennþá vantrúaðri, já, næsta örvæntingarfullur þegar í ljós kom, að úr þessum myndarlega kassa kom vart tíst, þótt '3JA, Jón John (eins og dóttir mín, kallar hann) stæði með hann undir mínum langa vír og ég dældi ca. 200w út í vírinn. Reyndar urðu vantrú mín og örvænting svo miklar við þessa uppgötvun, að ég ákvað af bragði að taka hund minn með og taldi fullvíst að hann yrði skárri með að hafa heldur en mengið Jón John - kassi. Þótti litlu skipta þótt hundur inn væri. einungis innstilltur á minkaveiðar, því Jón John og kassinn voru áberandi vanstilltir

Þannig gerðist það, að hundur tók í fyrsta sinn þátt í refaveiðum Íranna. - En lítum á:

Við vorum staddir á Geithálsi og leið nú senn að fyrstu útsendingu rebba. Matti rebbi, '3MA, hafði útvegað 10-15w stöð og falizt vel, eins og síðar kemur í ljós. Þessir "við", sem ég nefndi voru '3KB, Kristján (sem engum hefur enn dottið í hug að kalla Stjana, svo furðulegt, sem það nú er), '3AU, Gústi, '3OM, Gústi/Old man, og svo tveir hópar. Í öðrum hópnum voru Reidar, Kristinn Daníelsson og bandarískur skiptinemi, og höfðu þeir meðferðis ferðataki á stærð við koffort. Hinn hópurinn var samsettur af Jóni John og undirrituðum, eins og áður er fram komið, en bar sem við tveir erum eiginlega of lítið magn af mannskap til að kallast hópur, teljum við bara hundinn og kassann góða með.

Á tilsettum tíma kom rebbi inn og gerðist nú allt í senn: 3AU hvarf í reykmekki vestur þjóðbraut, 3KB hvarf, - hann einfaldlega varð skyndilega ósýnilegur, - Reidar og félagar hlupu fyrsta hring af mörgum í kringum Geitháls, og 3OM hvarf einnig, en hans hvarf var ekki eins dularfullt og hinna, eins og átti eftir að koma fram. Og nú kom í ljós, að allar vorar áhyggjur áttu fyllilega rétt á sér: Kassi 3JA var raunverulega tómari en hann leit út fyrir að vera, því að við heyrðum ekkert, alls ekkert.

En við létum það ekki á okkur fá og hlupum upp á næsta hól. Á hól skammt frá sáum við í '30M, en það var eiginlega fremur eins og hann væri í feluleik en á refaveiðum. Þegar tími var kominn fyrir næstu útsendingu rebba skipaði 3JA mér að snúa ferritinu af skynsemi, en það mistókst auðvitað hrapalega, en gerði auðvitað ekkert til, því við hefðum hvort eð er ekkert heyrt. 30M var enn á sínum hól og virtist vera að gera eitthvað af viti, en eins og siðar kom í ljós, var það ástæðulaus ótti af hálfu okkar '3JA að halda að svo væri. Færðum við okkur nú á annan hól, en '30M var aftur kominn í feluleik og sást ekki. Leið nú að þriðju útsendingu og var viðbúnaður hvað mestur. Hef ég það fyrir satt, að spenna og innsvif okkar hafi verið meiri en gerist við geimskot í Bandaríkjunum og Rússlandi, og þótt allt þeirra bras, fyrr og síðar, væri lagt saman, því nú undirbjó ég, auðvitað skv. skipun, ekki einungis að snúa ferritinu skynsamlega, heldur og að lyfta því til himinhæða um leið- helzt að koma því á braut um jörðu, ef hægt væri. Það mistókst - og enn heyrðum við ekkert. '30M var nú aftur hættur feluleiknum, í bili, og virtist enn vera að gera eitthvað gáfulegt. En nú var ótti okkar ekki ástæðulaus. Það glampaði á eitthvað í höndum hans, og þegar við höfðum tekið ákvörðun um að halda í norður, sem auðvitað var snarvitlaus átt, birtist hann skyndilega á harðahlaupum í nákvæmlega sömu átt og hafði heldur vinninginn. En við drógum hann uppi, sökum yfirburða karlmennsku, og kvöddum hann á hinn kurteisasta máta miðað við aðstæður: "Hvern fj..... ert þú að vilja upp á okkar hæð?, og "þetta er okkar átt, þú getur bara farið í einhverja aðra átt." '30M tók öllu með jafnaðargeði, svo furðulegt sem það nú kann að virðast. Hann tjáði okkur að hann væri með afturverkunarviðtæki, sem þyrfti sko engan ref, heldur framleiddi sjálft þau hljóð, sem í því heyrðust. Til að leita að refnum hefði hann aftur á móti sjónauka, ágætan, sem miklu brasminna væri að nota en viðtæki. Aftur á móti væri það sú óheppni að þurfa endilega að álpast til að fara að elta okkur '3JA, snarvillta, en því væri um að kenna, að hundurinn hefði verið manna gáfulegastur þeirra er þátt tóku í leitinni og enn sást í sjónauka. Nú var þó svo komið, að hann var ekki lengur neitt að treysta, því að svo algerlega hafði hann gengið móður Náttúru á hönd, að hann var öldungis hættur að sinna öðrum verkefnum en vökva gróður jarðar. Þar sem því sjónaukinn góði var bersýnilega það eina, sem við höfðum samanlagt til að leita með, var ákveðið að innlima 30M og sjónauka hans. Gekk það greiðlega. En með því að ekki sást til annarra leitenda, þrátt fyrir sjónaukann, var ákveðið að halda enn í norður. Gerðist nú ekkert markvert annað en það, að við fundum bóndabýli, sem einhver virtist hafa týnt þarna inni á milli hólanna. (Reyndar fyrirmyndarstaður til að operera frá, og nóg pláss fyrir heilan antennufarm með rombum og rúsínum og "hele klabbó" eins og 3BV segir). Ventum við okkar kvæði nú í kross, því sjónaukinn ljóstaði hvergi upp um grunsamlegar mannaferðir, nema hvað sást til mannveru hengjandi þvott á snúru við sumarbústað. Reyndar kom fram sú tillaga, að þar gæti refurinn mætavel verið á ferðinni í allra augsýn, að viðra sig milli sendinga, lystilega dulbúinn, og rétt væri að athuga málið. Tillagan var felld, með naumum meirihluta atkvæða, á þeirri forsendu, að jafnvel '3MA gæti ekki dulbúizt sliku ummáli er þessi manneskja hefði, en hún skyggði á Langavatn, Hafravatn og Þingvallalaheiðina hálfu, þar sem hún stóð í ca. 1000 metra fjarlægð.

Héldum við nú tilbaka á áttina að Geithálsi og mættum þeim Reidari. Bisuðust þeir með ferðatakið á milli sín, tveir, en sá þriðji fylgdi í humátt á eftir. Mjög voru þeir félagar slæptir að sjá, enda byrjaðir á fimmtánda hring umhverfis Geitháls er við komum að. Þeir, sem báru viðtakið máttu ekki mæla sökum mæði, en dratthalinn gat stunið því upp, að hans verkefni væri að elta hina til að týna upp þá komponenta er hrutu af takinu. Voru allir vasar hans fullir af þéttum, skrúfum, transistorum og öðru dóti. En takið hlýtur að vera eins og kvikindi þau, er láta sér vaxa nýja limi fyrir þá er af detta, því að refurinn heyrðist skýrt og greinilega og heyrðist einkum vel í honum hláturinn yfir dugleysi okkar, enda mjög farið að líða á daginn. Þó komu menn sér saman um, eftir talsverðar vangaveltur, að rétt væri að reyna nú að hlaupa öfugan hring með takið. Var það gert að undirrituðum fjarstöddum. Sá ég fram á að nú dyggðu engin vettlingatök og sótti bíl minn. Var það sannarlega næg umbun hugkvæmni minnar að sjá feginsamlegan svip ráðþrota félaga, er þeir skreiddust inn í bílinn eins og maðkar úr mold. En hálfraunalegt var að heyra hve ráðvillt og rugluð svo efnileg ungmenni geta orðið á einni dagsstund. Þeim hafði meira segja tekist að rugla skynlausa skepnuna, sem fylgt hafði þeim síðasta hringinn, svo mjög, að ég þurfti að byrja á að leita að henni, þar sem hún ráfaði rugluð öfugan hring um móana. Þar sem enginn vissi neitt í sinn haus, varð að ráði að flýja staðinn hið skjótasta, og fara eins langt frá svæði þessu og hægt væri. Var ákveðið að halda í Heiðmörk.

Ég sagði í upphafi að þetta hafi verið sérstæðar refaveiðar og má vera, að mönnum þyki nóg um nú þegar, en ekki eru öll kurl komin til grafar - og sjáum nú enn:

Héldum við sem leið liggur inn Rauðhóla, og þegar við vorum rétt komnir að Heiðmerkurgirðingunni, mættum við Gústa, '3AU og Kristjáni, '3KB. Voru þeir enn teknir til við fyrri iðju nefnilega það að hverfa, en í þetta sinn var það rebbi, sem þeir hurfu frá, því báðir voru búnir að finna hann. Kristján var aðeins eina klst. að finna rebba. Fór hann ekki troðnar slóðir frekar en vant er, heldur óð ár upp undir hendur og gekk mela og hraun beint af augum þar til hann steig ofan á rebba, þar sem hann lá í grasinu. Vildi það Matta rebba til happs, að Kristján var nýgenginn niður úr þriðja skóparinu í hrauninu og hafði ekki gefið sér tíma til að fara í nýtt þar, en hann hefur alltaf a.m.k. 5 þör með sér - í styttri ferðinni. Þá fór Gústi skynsamlegar að: Hann gekk sömu leið og við síðar ókum, þ.e. alfaraleið, og sparaði sér skóslit, þótt hann tapaði tíma. Var hann tvær stundir að finna rebba, eða helmingi lengur en '3KB, en honum var þó óhætt, því hann var helmingi fljóttari en rest.

Þar sem við, bílmennirnir, höfðum verið gripnir í að brjóta refaveiðilöggjöfina á svo ósportlegan hátt, var ekki um annað að ræða en setja upp sinn hrokafyllsta svip, hvað við og gerðum allir, nema kaninn, sem skildi ekki málið og þess vegna ekki alvöruna. Var því áhöfn bílsins eins og hópur brezkra aðalsmanna frá miðöldum á "ekta" refaveiðum, og með þjón með sér, sem hitta fyrir kotbændur og taka þá náðarsamlegast tali. Kröfðumst við leiðsagnar til grensisins og var Kristjáni og Gústa stungið aftur í bílinn

til hundsins og kanans. Neituðu þeir að segja til refsins, en ég kunnir ráð við því. Vegurinn var holóttur og ók ég af stað og fór hratt yfir á holóttum veginum og hótaði að aka meðan benzín entist - næstu 10 tímana eða svo. Hristist þá fljótlega upp úr þeim hvert aka skyldi. Um leið og ég stöðvaði bílinn kom sending frá rebba, og var hún mestmegnis hlátrasköll. Svo brýndir hurfu menn nú í allar áttir að leita, bæði með og án tækja. Eftir svo sem 1/2 klst. fóru menn að tínast að bílnum aftur og voru undirfurðulegir á svip, því víst var talið, að refurinn gæti ekki verið mjög fjarri bílnum. Hentu menn frá sér tækjum sínum og fóru almennt að leita upp á gamla mátann, og datt manni helzt í hug, þegar maður leit í kring um sig, að hálfur bærinn hefði týnt þarna giftingarhringnum sínum. Loks fóru menn að finna rebba. Einn af öðrum duttu þeir um Matta greyið, en það virtist eina leiðin til að finna hann. Samt sást trjábrúskurinn, sem hann faldist í frá veginum, en hvorki hann, né heldur loftnetið, sást úr örfárra metra fjarlægð, og það þótt loftnetið væri strekkt í háttstandandi vörðu. Sannar þetta á óyggjandi hátt, að refsskapur er Matta í blóð borinn, svo og hitt, að hann hefur þróað refsskapinn upp í það að vera sérstök listgrein.

Gústi, '3AU, sagði þá sögu af sinni leit, að hann hafi séð loftnetið rétt hjá sér eitt andartak en misst af því sjónar og ekki fundið aftur. En kátlegast var að sjá nafna hans, OM, þegar hann hafði uppgötvað loftnetið beint yfir höfði sér og reyndi að hafa hendur á því til að fylgja því í grenið. Fálmandi á þennan hátt upp í loftið, minnti hann einna helzt á geggjaðan skordýrafræðing á fiðrildaveiðum eða frummanninn að dansa regndans. Síðari hugmyndin var áleitnari, en vera má, að það sé bara skegginu að kenna. En það er víst að ekki minnti hann mikið á amatör refaveiðum.

Lauk þannig einkarefaveiðum Matta og Jóns John, og líti menn nú að nýju á upphaf greinarinnar og athugi, hvort þeir séu mér ekki sammála.

TFJJ

- - o o O o o - -

DX-HORNIÐ - WKD JÚLÍ 1969

Tölurnar innan sviga tákna GMT.

SSB: 15 m. W6VUW (15) W5-FCX(16) VE2NV(16), AM:EA6RH(14)I1MRD(15) KR6NR(16)

20 m. SSB.UA4PW(23)W7AZG(14)JW1CI(20)EL8H(O10)SM5CCT/MM. N.26-W53 (0130) HI8LA(O1)

EA8FP(02)4X4YM(0130)CE4CD(O1) 6Y5ET(030)VP9VV(045)HV3SJ(16) CN8AP(015)GC3UMX(12)